



Réttarlæknisfræðileg matsgerð

Almennar upplýsingar

Á haustdögum 2021 barst ósk frá Lögfræðingafélagi Íslands um réttarlæknisfræðilega rannsókn á innsendum gögnum varðandi andlát Jóns Þorgrímssonar og Guðrúnar Egilsdóttur, einkum með tilliti til þess sem skrásett er um ástand líkamsleifa þeirra.

Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir eru talin hafa valdið dauða Jóns Þorgrímssonar og Guðrúnar Egilsdóttur.

Innkomin gögn

Dagsetning Lýsing

18/12 2021	Dómsskjöl
18/12 2021	Sjöundá -Tímatal
11/3 2022	Dómsskjöl



Bakgrunnsupplýsingar - samantekt úr dómsskjölum ofl.

Varðandi kringumstæður dauða Jóns Þorgrímssonar

Andlátíð talið hafa átt sér stað hinn 1. apríl 1802.

Í skýrslu sem tekin var af Bjarna Bjarnasyni kemur fram að Jón hefði á fimmtudeginum, öðrum í einmánuði, hrapað „heiman- og utan- til í Landsbrots skaflingum ... hvar Klettarnir fyrir neðan eru miklum mun lægri“. Jón hafi hrapað í Rauðskriðu, sem samkvæmt túlkun þýði að hann hafi steypst niður 100 m og síðan ofan 60 m kletta í fjöru.

Síðar breytti Bjarni frásögn sinni svo: Bjarni og Jón hafi gengið í fjörunni. Bjarni hafi litið um öxl sér og séð Jón með staf reiddan til höggs. Þá hafi Bjarni barið Jón í höfuðið með staf sínum (úr ösp með húni), og að sá stafur hafi brotnað við höggið. Jón hafi fallið niður dauður. Bjarni hafi kastað líki Jóns niður [í sjó] af „Mósköflunum“. Daginn eftir hafi Bjarni fundið lík Jóns rekið í fjöruna, skammt frá þar sem hann hafði kastað líkinu. Bjarni hafi þá aftur tekið líkið, borið það upp á „Bakkana“, gert þar djúpa snjógröf og grafið líkið þar í snjó. Þar hafi líkið legið þar til um „fardaga í vor“; þá hafi Bjarni tekið líkið og sett það fram af skerjaklöpp ofan í djúpan sjó. Ekki hafi Bjarni séð neitt af Jóni eftir það, þar til „á dögnum“ (er líkið rak á fjöru 26. sept 1802).

Efasendum réttarins um að téð högg hafi orðið Jóni að bráðum bana svarar Bjarni að Jón hefði hvort eð ekki getað haldið lífinu því honum hafi strax verið fleygt í sjóinn og gefur í skyn að Jón hafi virst líflaus eftir höggið.

Aðspurður kveðst Bjarni ekki hafa stungið Jón (með járnri fyrir brjóstið).

Samantekt úr upplýsingum varðandi skoðun á líki Jóns Þorgrímssonar

Ekki hafi verið kallaður til lækni („kirurgo“) til að rannsaka líkið.

Hinn 26. september 1802 hafi sjórekið karlmannslík fundist. Kennsl voru ætluð Jóni Þorgrímssyni útfrá klæðnaði. Líkið er sagt vera hvergi beinbrotið.

Hinn 26. september 1802 var líkið skoðað af Eyjólf Kolbeinssyni, Þorbergi Illugasyni, Bjarna Pálssyni, Bjarna Halldórssyni og Guðmundi Einarssyni, og eftirtalin ummerki nefnd:

- Skaddað að skinni og holdi á höfðinu öllu.
- Höfuðbeinin óbrotin, mögulegur mjúkvæfjaskaði óviss þar sem holdið var á burt.
- „Hóla var neðan til á hálsinum sem lá ofan undir hærra brjóstið svo víð, að vel mátti koma karlmannsfingri inn í hana Hún var rannsökuð með tréspýtu og fannst þá vera ein fjórða alin íslensk (1/4 lögalin = 12 sm) að dýpt og lá sem áður er sagt í kringum hana nefnilega að neðanverðu og til hliðanna var skinnið og holdið ómorkið en ofan til og undir hökunni var skinnið af en holdið lítið fráétið. Það sýndist okkur líklegast, að þessi hola hefði orsakast af mannverknaði eður sting ...“
- Hvergi var það beinbrotið eða limlest.
- Misst hafði það hendur báðar og tær allar.



Hinn 29. september/1. október 1802 hafi líkið verið skoðað aftur. Við skoðunina hafi eftirfarandi komið fram:

- Líkið „með öllu eins ásigkomið og fyrr að því undanteknu að líkaminn var nú orðinn moltnari og linari...“.
- Ummerkið sem nefnt er „hola“ er nú „samanhlaupin“ að mestu.

Varðandi kringumstæður dauða Guðrúnar Egilsdóttur

Guðrún hafi átt vanda til brjóstverkjar. Haft eftir Jóni Bjarnasyni: „Ekki var henni illt með jafnaði nema einu sinni eða tvisvar þá hún kvartaði lítið um verk fyrir brjóstinu“ og að eitt sinnið hafi í graut hennar hafi verið „sem sandur á botninum“. Annað vitni lýsir einnig remmubragði af sandlíku efni.

Guðrún hafi haft „brjóstveiki svo sem fólki var kunnugt að hún átti vanda til“.

Í skýrslutöku af Bjarna Bjarnasyni kemur fram að 3 vikum fyrir dauða Guðrúnar (hinn 29. apríl 1802) hafi henni skyndilega orðið illt af uppsölu og verkjarkviðum en öldungis batnað næsta dag.

Bjarni hafi sagt svo, að morgni dauðadagsins (hinn 5. júní 1802) hafi Guðrún verið nokkuð lasburða, orðið snögglega illt, „satt svo sem niður og talaði ei meir ... Hljóp þá Steinunn og sótti henni að drekka sem henni rann varla niður, („fór smám saman að blunda“) hvar eftir þau hefðu borið hana heim í rúm næstum viðskila, og strax hefði hún gefið upp öndina“.

Viðbót Steinunnar viðvíkjandi dauða Guðrúnar: „[Guðrún] hefði dottið niður á leiðinni og aldrei komist að fjárhliðinu“ og síðar „[ég] hélt á henni höndum á meðan [Bjarni] kyrkti og kæfði hana“.

Í skýrslutöku af Steinunni kemur fram að kvöldið sem Guðrún leið af uppsölum hafi Bjarni sáð hvítbleiku efni („líkast sköfnum alabasturs steini“, kallar það „Roðkruð“) yfir og blandað við graut hennar.

Í framburði Bjarna kemur fram að „laugardaginn næsta fyrir Hvítasunnu“ (hinn 5. júní 1802) hafi Guðrún haldið frá bænum, Bjarni hafi komið til hennar, tekið annarri hendinni yfir háls hennar og slegið hana í bakið með hinni svo hún féll niður. Bjarni hafi þá tekið báðum höndum um vit hennar á meðan Steinunn hélt höndum hennar „svo hún spriklaði minna“ þar til úr henni var „dregið sýnilega lífið“. Þau hafi borið hana heim í rúm og á fjórða degi haft kistulagningu. Hvíta efnið sem hann setti í graut Guðrúnar áður kallar Bjarni „rottukruð og Eirsvarf“.

Eftir Bjarna og Steinunni er haft að Guðrún hafi ekki verið barnshafandi er hún dó.

Samantekt úr upplýsingum varðandi skoðun á líki Guðrúnar Egilsdóttur

Ekki hafi verið kallaður til lækni („kirurgo“) til að rannsaka líkið.

Skoðunin hafi farið fram hinn 13. júní 1802.

Eftirtöldum ummerkjum er lýst af vitni:



- Blámi á ofanverðu brjóstinu.

Eftirtöldum ummerkjum er lýst af Jóni Ormssyni:

- „Viðlíka á sig komin og lík eru venjulega“.
- Blámi efst á hægri hluta brjóstsins, ekki þreifast þó þroti „leit ei [...] út sem þar væri marið blóð undir“.
- Hægri hönd og handleggur stjarfari en vinstri.
- Kviðurinn „uppblásinn“ („líkastur því sem konan hefði verið þunguð eða haft offylli“).
- [Jón hafi ekki séð „dreir bólur“ á líkinu en kann að hafa einfaldlega misst af þeim.]

Eftirtöldum ummerkjum er lýst af Sigmundi Jónssyni og Ólafi Sigurðssyni (13. júní?):

- Blámi efst á hægri hluta brjóstsins, án þrota.
- Kviðurinn „uppblásinn“.
- Þrjár „dreis“ blöðrur/bólur fyrir neðan brjóstin; „smára og svarbláleitar“.
- Vinstri höndin „linstirðnuð“ og bláleit. Fæturnir „linir“.



Niðurstöður og matsgerð

Með hliðsjón af fyrirbyggjandi lýsingum í innkomnum gögnum, er ljóst að viðunandi læknisfræðileg líkskoðun fór ekki fram og engin krufning var gerð, á hvorugu líkanna. Þetta torveldar til muna matið á ástandi líkanna. Þó leyfi ég mér að viðhafa eftirfarandi hugleiðingar.

Áverkar og ummerki á líki Jóns Þorgrímssonar

Ummerki á hálsi nefnt „hola“.

Frávera mjúkvefja á höfði.

Frávera handa og taa.

Tilurð ummerkjanna á líki Jóns Þorgrímssonar¹

Útlit „holunnar“, eins og því er lýst, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem ráða má að hafi orðið á líkinu eftir dauðann, bendir til þess að ummerkið sé hluti af rotnunarbreytingum og afráni dýra. Ekki kemur skýrlega fram hvort eðli „holunnar“ sé vefjareyða eða hvort hún sé einvörðungu rof í samfellu húðarinnar. Ef um hið fyrrnefnda ræðir má frekar leiða að því líkum að hún sé komin til fyrir tilverkan dýrs sem étið hafi burt vef. Ef líkið hefur eitthvað velkst í fjöruborði, sem snarlega má ætla, sé að marka það sem sagt er um kringumstæður líkfundarins, er næsta víst að sjófuglar hafi haft nægilegan aðgang að því til að geta skilið eftir slíkt ummerki. Smærri spendýr, t.d. rottur, mýs og minkar geta einnig valdið staðbundnu vefjartapi í líki. Að holan hafi komið til eftir stungu veitta af öðrum manni er ekki með öllu hægt að útiloka, einkum í ljósi þess að lýsingu áverkans er svo ábótavant.

Fram kemur í gögnunum að líkið hafi gerst moltnara og linara áður en það var skoðað öðru sinni. Ástand líksins virðist þannig breytast nokkuð á fáeinum dögum, miðað við það hve langt er hvort eð er liðið frá dauðanum. Að fenginni reynslu má um þetta atriði segja að líkið hafi líklega, fyrst í lengri tíma komið undir bert loft (í súrefnisríkt umhverfi) eftir að það rak á land hinn 26. september 1802 og þess vegna breyst svo að ásigkomulagi; það hafi þannig fyrir þennan tíma dvalið í hagstæðara umhverfi viðvíkjandi varðveislu vefjanna, til dæmis, ef marka má seinustu lýsingar Bjarna á atvikum, dvalið í köldu vatni yfir sumarið og fram á haustið. Þó er nærtækast að ætla að líkið hafi samt dvalið nægilega lengi ofansjávar til að landdýr hafi haft aðgang að mjúkvefjum höfuðs, höndum og tām - ef þá sjávardýr hafa ekki orðið valdar að glötun þessara líkamshluta. Að ætla að mjúkvefjartapið á höfðinu sem og tap handa og taa hafi gerst fyrir dauðann, gæti skýrt dánarorsökina en ekkert í atvikalýsingu, né annað við útlit líkanna gefur ástæðu til að það sé rætt sem alvarlegur kostur, enn sem komið er.

Í seinustu frásögn Bjarna af dauða Jóns, lýsir hann því að Jón hafi fallið niður líflaus eftir eitt högg, veittu af Bjarna, með staf úr ösp og með húni, og sem gekk í sundur við höggið. Með öðrum orðum segir Bjarni að Jón hafi látist eftir eitt slag annars manns með sljóu áhaldi. Almennt gildir að árás í manndrápstilgangi með sljóu áhaldi beinist jafnan gegn höfðinu og yfirleitt sem mörg högg og kjölfarandi beináverkum á höfuðkúpuna, hér hefur mikill og samanlagður kraftur færst yfir á höfuðið og valdið beinbrotum, heilahimnublæðingum og heilamari, jafnvel heilasárum. Samkvæmt atvikalýsingu Bjarna er aðeins meðamikill, jafnvel lítill kraftur veittur höfði Jóns; eitt högg og enginn beináverki. Þá er það einngi mjög markvert ef rétt er að stafurinn hafi brotnað við höggið, því þá hefur þeim mun minni kraftur gefist sjálfum þeim höfuðmeiðslum sem urðu, ef nokkur um talandi. Gildleiki, lengd og þungi stafsins, sem og hvernig Bjarni mundaði geta einng haft þýðingu um það hvernig kraftinum var háttað.



Dánarorsök Jóns Þorgrímssonar¹

Af þeim upplýsingum sem fyrir liggja um ásýnd og ásigkomulag líksins er enga örugga afstöðu hægt að taka til dánarorsakarinnar.

Útlit líksins við líkskoðun, að teknu tilliti til þess sem Bjarni segir síðast um dauða Jóns, samræmist því hann hafi hafi hlotið högg í höfuðið, gerst ómegin og svo hafnað í vatni og drukknað. Ekkert sértækt ummerki sem styður þetta kom þó fram við líkskoðunina.

Útlit líksins við líkskoðun getur talað gegn því að dánarorsökin hafi verið eitt högg með sljóu áhaldi.

Útlit líksins við líkskoðun talar gegn því að dánarorsökin hafi verið fall úr háum hömrum og niður í grýtta fjöru.

Dánaratvik Jóns Þorgrímssonar¹

Út frá líkskoðuninni er ekki unnt að meta hvort dauðann bar að fyrir tilstuðlan sjúkdóms eða ytri atburða, og enn síður hvort annar maður varð valdur að dauða Jóns eða ekki.

Áverkar og ummerki á líki Guðrúnar Egilsdóttur

Litabreyting efst á hægri hluta brjóstisins.

Þaninn kviður.

Blöðrur á bolnum.

Tilurð ummerkjanna á líki Guðrúnar Egilsdóttur¹

Efst á hægri hluta brjóstisins er lýst bláma, án þrota. Útlit þessa bendir til þess að um sé að ræða húðblæðingu sem sé tilkomin fyrir sljóan kraft í formi steyts eða þrýstings gegnt svæðinu. Staðsetning og eðli áverkans getur bent til þess að krafturinn hafi beinst að svæðinu, eins og raunin er t.d. þegar áverki er veittur af öðrum manni. Af lýsingum sakborninga á atvikinu sem leiddi til dauða Guðrúnar má lesa að Bjarni hafi haft tök um háls og/eða vit Guðrúnar, hún verið liggjandi á jörðinni og að þurft hefði að halda höndum hennar. Þessi lýsing, að teknu tilliti til áverkans á brjóstinu, minnir í mörgu á manndrápsaðferðina kæfingu að hætti Burkes (*e. Burking*), sem felur í sér að gerandinn teppir loftflæði um vitin með höndum sínum og lætur líkamspunga sinn hamla loftunarhreyfingum brjóstisins með því að leggjast yfir bolinn eða setja hnén í brjóst þolandans.

Uppþaninn kvið og vökvafylltar blöðrur er vanalegt að finna á líki sem legið hefur fáeina daga ókælt og eru tilkomin vegna bakteríuvaxtar í þörmunum, niðurbrots á yfirhúðinni og óstýrðs tilflutnings á vökva milli líkamshólfa og -vefja. Þessum ummerkjum er því ekki að ætla neina aðra þýðingu en þá. Varðandi eftirgrennslan réttarins um hvort Guðrún hafi verið þunguð er hún lést er ekkert fram komið við skoðun á líkinu annað sem bendir til þess.

Dánarorsök Guðrúnar Egilsdóttur¹

Í gögnunum er það gefið í skyn að Guðrún hafi haft brjóstveiki, sem mögulega hafi leitt til dauða hennar. Af þeim lýsingum sem fram koma á almennu sjúkdómsástandi Guðrúnar er torsótt að gera sjúkdómsgreiningu. Þó má segja að sjúkdómur hennar hafi að líkindum legið í lungum eða



loftvegum. Fyrstu lýsingar Bjarna á því hvernig dauða hennar bar að, þ.e. að hún hafi verið slöpp um morguninn, orðið illt, svo hnigið hniður og látist stuttu eftir það eru einnig sjúkdómafræðilega tortúlkaðar, en mega, ef einhver er, teljast stinga nokkuð í stúf við það að dánarorsök hennar hafi verið versnun á langvinnum öndunarfærasjúkdómi.

Ummerkin á líki Guðrúnar samræmast því að dánarorsökin hafi verið kæfing eða kyrking, sbr að ofan. Ummerkið á brjóstinu er þó ekki háserktækt fyrir það. Önnur ummerki sem vænta mætti eru punktblæðingar í slímhúðum augnanna og munnslímhúðinni og e.t.v. í andlitshúðinni og á bak við eyrun. Þá mætti vænta slímhúðaráverka í munn og, við undirhúðarkrufningu, blæðingar í vöðvum nárasvæðanna og vöðvum herðablaðanna. Þá ættu að liggja fyrir blæðingar í smávöðvum barkakýlisins, mögulega í höfuðvendivöðvunum, sem og á brot á skjaldbrjóstkinu, mögulega einnig hringbrjóstkinu og tungubeininu. Ekkert af þessum öðrum ummerkjum var unnt að staðfesta eða útiloka, enda var, eins og ofan greinir, ekki um fullkomna líkskoðun að ræða og ekki var heldur gerður líkskurður.

Dánaratvik Guðrúnar Egilsdóttur¹

Út frá líkskoðuninni er ekki unnt að meta með öruggum hætti hvort dauðann bar að fyrir tilstuðlan sjúkdóms eða ytri atburða, og ekki heldur hvort annar maður varð valdur að dauða Guðrúnar eða ekki.

Reykjavík, 1. maí 2022

Pétur Guðmann Guðmannsson

réttarmeinafræðingur

¹Vissuskali

- sýnir: Niðurstöðurnar eru dæmigerðar og aðrir möguleikar eru útilokaðir.
- bendir sterklega til: Niðurstöðurnar hafa svipkenni sem eru dæmigerð. Líkindi á öðrum möguleikum eru mjög lítil.
- bendir til: Niðurstöðurnar hafa svipkenni sem eru vanaleg. Aðrir möguleikar eru síður líklegir.
- bendir mögulega til/getur bent til: Niðurstöðurnar hafa svipkenni sem geta komið fyrir. Aðrir möguleikar eru nærri því jafn líklegir.
- leyfir enga afstöðu til: Niðurstöðurnar hafa engin eða ósértæk svipkenni.
- talar mögulega gegn/getur talað gegn: Niðurstöðurnar hafa svipkenni sem geta komið fyrir. Aðrir möguleikar eru þó líklegri.
- talar gegn: Niðurstöðurnar hafa svipkenni sem eru óvanaleg. Aðrir möguleikar eru líklegri.
- talar sterklega gegn: Niðurstöðurnar hafa svipkenni sem eru ódæmigerð. Líkindin á öðrum möguleika eru stór.
- útilokar: Niðurstöðurnar eru ódæmigerðar og útiloka þennan möguleika.
- samræmist:
Varðandi tilurð áverka: Áverkinn getur hafa orðið til með tilgreindum hætti, en getur einnig hafa orðið til með öðrum hætti.